

Varðar vatnssýni úr borholu við  
Langamelslaug, Vindheimum, Skagafirði

**Hrefna Kristmannsdóttir**

**Greinargerð HK-84-05**

---

VARÐAR VATNSSÝNI ÚR BORHOLU VIÐ LANGAMELSLAUG, VINDHEIMUM, SKAGAFIRÐI

Greind voru helstu uppleyst efni í vatnssýninu. Þar sem ekki var tekið sýni á loftþéttar umbúðir úr borholunni er sýrustig og styrkur rok-gjarnra efna ekki marktækt. Vatnssýni hefur ekki verið tekið áður úr Langamelslaug, en sýni hafa verið tekin úr laugunum við þvottahúsið.

Niðurstöður efnagreiningar á borholuvatninu sýna, að það hefur mjög svipaða efnasamsetningu og vatnið úr heitari laugunum við þvottahúsið og er vafalítið um sama vatnskerfið að ræða:

---

	pH/°C	SiO <sub>2</sub>	Na	K	Ca	Mg	CO <sub>2</sub>	SO <sub>4</sub>	H <sub>2</sub> S	Cl	F	Uppl. efni
Laug við þvottahús	10,14/22	75,8	49,0	0,46	1,38	0,003	19,1	12,2	0,03	8,2	0,71	220,4
Langamels-laug (10,15/20)		73,3	48,0	0,51	1,55	0,030	13,9	10,5	0,0	6,8	0,69	186,0

---

Hitastig vatnsins á meira dýpi er ekki verulega hærra en í lauginni. Djúphitastig beggja vatnssýnanna reiknast það sama. Við nýtingu vatnsins er talsverð hætta á málmtæringu, en ekki er talin veruleg hætta á útfellingu úr vatninu.